

Reykvíkingar, hristum af okkur slenið

Eftir Áslaugu Maríu Fríriksdóttur

Reykjavíkurborg þarf að hrista af sér slenið. Við þurfum miklu skýrari stefnu og markvissari aðgerðir til að fólk sjái ástæðu til að búa áfram í borginni. Upp hefur safnast gróðarlegur velferðarvandi og vinnandi fólk fjólgar ekki í Reykjavík eins og í nágrannasveitarfélögum. Í borgina vantar fleiri og jafnframt verðmætari störf og forsenda þess er að hér búi fólk sem hefur þekkingu og hæfileika til að drífa áfram öflugan vinnumarkað. Nauðsynlegt er að beina sjónum að þessum hlutum, ef ekki á illa að fara. Gagnrýna má margt. Við eigum



Áslauga María Fríriksdóttir

ekki að sætta okkur við að námsárangur barna hér sé lakari árangri jafnaldranna í öðrum löndum. Það er merkilegt að fylgjast með borgarfulltrúum meirihlutans hamlá gegn breytingum og skýla sér á bak við það, að börnum lífi vel í skólunum. Auðvitað er gott að börnum lífi vel en það er engin ástæða til að telja að ekki sé líka hægt að ná ásætlanlegum árangri. Þegar skólakerfið stenst ekki samkeppni erum við illa stödd. Samkeppnishæfi þjóðarinnar allrar stendur og fellur með því. Huga þarf að því að í borginni sé frjór jarðvegur fyrir atvinnulífið. Sérstaklega þarf svo að huga að

» Afar mikilvægt er að á næsta kjörtímabili komist að ný sjónarmið og breytt vinnubrögð í Reykjavík.

Því hvernig borgaryfirvöld geta auðvaldað frumkvöldum eða nýjum fyrirtækjum að koma sér fyrir og hefja rekstur. Einfalda verður samskiptaleiðir við borgina og forgangsraða málum þannig að íbúar þurfi ekki að standa í biðröð og eilífu stappi til að fá niðurstöðu í einföldum afgreiðslumálum. Stundum virðast hlutirnir vera orðnir allt af flóknir og að stjórkerfið standi í vegi fyrir umbótum. Það sem aðgreinir framþjóðendur sjálfstæðismanna í borginni skýrt frá öðrum framboðum er að

við viljum að fólk hafi athafnafrelsi á sem flestum sviðum. Hinir flokkarnir leggja allir áherslu á að grunnþjónustan þurfi í öllum tilfellum að vera á vegum borgarinnar og enginn geti rekið þá þjónustu nema borgarstarfsmenn. Þarfir viðskiptavinar eru ekki í forgangi af því að samkeppnin við þjónustuna er engin. Viðskiptavinurinn á engra kosta vól og verður að bíða eftir að honum sé sinnt. Þetta ástand má bæta með meiri samkeppni. Góð hugmynd er að gefa hæfu fólk tækifæri til að spreyta sig á rekstri grunnþjónustu. Hægt er að gera slíkt með samingum eins og ríkið hefur gert með afar góðum árangri í heilsugæslunni. Um leið gefst tækifæri til að innleiða nýja nálgun í rekstur þjónustunnar og viðskiptavinurinn verður aðalatriði. Þetta á við um velferð sem og menntun. Ungt fólk með reynslu

af slíku fyrirkomulagi erlendis, t.d. annars staðar á Norðurlöndum, kallar eftir því að við hefjum slíkt breytingarferli hér. Og þetta skapar tækifæri og mun leiða af sér meiri nýsköpun. Skapa þarf umhverfi sem fær fólk til að vilja setjast að. Við njótum öll kraftsins sem slíkir einstaklingar bera með sér. Undanfarin ár hefur Reykjavík verið að dragast aftur úr. Í stað þess að vera kraftmikil og skapandi er hún þreytt og þung. Stöðnun og hnignun er á næsta leiti. Afar mikilvægt er að á næsta kjörtímabili komist að ný sjónarmið og breytt vinnubrögð í Reykjavík. Þannig stöðnum við vörð um velferðina og bættum lífsgeðin í framtíðinni. Hristum af okkur slenið, Reykvíkingar.

Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Vegið að Vesturbænum

Eftir Mörtu Guðjónsdóttur

Vesturbærinni í Reykjavík er heillandi borgarhluti, misgammalla en heilsteypra íbúðahverfa og rötgróins mannlífs. Hann á sér langa og fjölbreytta sögu og þar má ljóslega lesa reykviska byggingarsögu, allt frá elstu húsumum við Vesturgötu frá því á 19. öld, og fíkra sig til nútímans, upp Stýrri-mannastíginn, yfir Landakotsheðina og suður á Haga og Ægisíðu. Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur og útfærslur þess í nýlegum hugmyndum að hverfaskipulagi, eru alvarleg ögrun við mörg íbúðahverfi þessa borgarhluta, sérkenni þeirra og yfirbragð.



Mörtu Guðjónsdóttir

ingn og Björt framtíð ætla sér að halda áfram að vinna að þessu umdeilda hverfaskipulagi fái þeir stuðning til þess í borgarstjórnarkosningum. Enda byggist hverfaskipulagið á Aðalskipulaginu sem Dagur B. Eggertsson fullyrði á borgarstjórnarmundi 6. maí sl. að ekki ætti að bakka með. Meirihlutinn hefur umnið að þessu skipulagi

» Samfylkingin og Björt framtíð ætla að halda áfram að vinna að þessu umdeilda hverfaskipulagi fái þeir stuðning til þess í borgarstjórnarkosningum.

allt kjörtímabilið og kostnaðurinn við það verður kominn upp í 150 milljónir á þessu ári. Það er því ekki trúverðugt að Samfylkingin og Björt framtíð séu hætt við þessi áform sín, það er einfaldlega verið að kaupa sér tíma rétt fram yfir kosningar og svo verður skipulagið keyrt í gegn, ekki bara í Vesturbænum heldur um alla borg.

Lýðræði borgaryfirvalda

Borgarbúar hafa því miður reynslu af slíkum vinnubrögðum Samfylkingar og Þjartrar framtíðar. Þegar 12.000 foreldrar mótmæltu skólasmáningum í borginni þá var málið svæft rétt á meðan mestu mótmælum áttu sér stað og voru svo keyrðar í gegn. Vesturbæingar muna líka fundinn í Hagaskóla þegar þess var krafist að breytingarnar á Hofsvallagötu yrðu dregnar til baka. Á þessum sama fundi lýstu íbúar yfir áhyggjum sínum af stóruakinni umferð inn í hverfið eftir breytingarnar á Hofsvallagötu og bentu á að öryggi barna sem eru að leik eða á leið í og úr skóla væri ógnáð. Á þetta hefur ekki verið hlustað og þessar framkvæmdir hafa ekki verið dregnar til baka að fullu þrátt fyrir vilja íbúa og nú stendur til að setja 150 milljónir í að breyta götum enn meira. Þá hefur heldur ekki verið hlustað á þá 70 þúsund einstaklinga sem mótmælt hafa lokum Reykjavíkurfingvallar í Vatnsmyrinni. Undirskriftasöfnuninni var stungið undir stól og látið eins og hún hafi aldrei átt sér stað. Þetta er nú allt samráðið og íbúalýðræðið sem Samfylkingin og Besti flokkurinn/Björt framtíð boðuðu og staðfestir hvernig farið er gegn hagsmunum og vilja borgarbúa í hverju málinu á fætur öðru.

Höfundur er varaborgarfulltrúi og skipar 6. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2014, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2014 og önnur gjaldfallin álöggð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2014, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaaðalagningu söluskatts vegna fyrri tímabilla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skatttránsóknarstjóra, ófgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleysis og álöggðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, sýslatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ófgreiddar barnabætur, ófgreiddar vaxtabætur og útvargsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfengisgjald, virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lövgæð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuárræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. maí 2014

Tollstjóri	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á Hólmavík	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Keflavík	Sýslumaðurinn á Siglufirði	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Blönduósi	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	Sýslumaðurinn á Akureyri	
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn á Húsvík	
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	